



Fréttabréf

10. desember 2015
3. tbl. skólaárið 2015 — 2016

Ágætu foreldrar og forráðamenn

Jólin nálgast og þessum tíma fylgir gjarnan mikil spenna og eftirvænting. Mörgu þarf að ljúka áður en hátíðin gengur í garð. Við skulum reyna að lækka spennustigið eins og hægt er og njóta augnabliksins með okkar nánustu. Lestur góðra bóka dreifir huganum og styrkir þroska hvers og eins.

Skipulag í kringum jólin verður með hefðbundnu sniði. Í grófum dráttum er það á þessa leið, með fyrirvara um breytingar

Dagskráin fram að jólum

- 2.-16. **Lesin jólasaga á sal kl. 08:40 – Hs.**
 - Jólavinna á hverjum degi hjá 1.-4. bekk – Lh.
 - Hurða- og stofuskreytingar í öllum deildum – Lh.
8. **Póstkassar settir fram – Hs.**
9. **Bókakynning 10. bekkjar á Klifi kl. 20:00**
 - Póstkassi settur fram – Lh.
10. **Nemendur í 8.-10. bekk fara á leiksýninguna Fróðá í Frystiklefanum.**
11. **Rauður dagur – jólapeysur – Ól.**
 - 4. bekkur skreytir jólatréð. Leikskólinn kemur í heimsókn – Hs.
14. **Jólaþema – föndur o.fl. – Ól.**
 - Íþróttadagur á Hellissandi kl. 12:20 - 13:40. – Hs.
 - Jólakortagerð – allir – Lh.
15. **Póstkassar settir fram – Hs.**
 - NÁMSMAT sent heim
16. **Kl. 10:10 – Jólapósti dreift – Ól.**
 - Íþróttadagur hjá 8.-10. bekk – Ól.
 - Tónleikar skólakórsins
 - Jólapeysur/jólahúfur – Hs.
17. **Félagsvist og bingó kl. 12:00-13:20 – nemendur fara heim að því loknu – Ól.**
 - Jólatónleikar og litlu jól: atriði frá nemendum – Lh.
18. **1. - 4. bekkur mæta kl. 8:40 - Hs.**
 - 5.-7. bekkur mæti kl. 9:00 í Ólafsvíkirkirkju – Ól.
 - 8.-10. bekkur mæti kl. 9:00 í skólann – Ól.
 - Kl. 10:00 - stofujól, litlu jól, kakó og skúffukaka – Ól.
 - Nemendur heim kl. 11:30 – Ól.
 - Nemendur heim kl. 12:00 – Hs.



Fréttir af skólastarfinu

Frá því síðasta Fréttabréf skólans kom út hefur margt verið um að vera í skólanum, má þar helst nefna „piparkökudaginn“ sem haldinn var á öllum starfstöðvum, þemadagar í áttahagafræði í Ólafsvík, rýming var æfð í Ólafsvík og á Hellissandi, samstarf hafið við þjóðgarðinn um innsetningu í salthúsið á Malarrífi sem verður sérstaklega ætlað börnum, fullveldisdagurinn var haldinn hátíðlegur og undirbúningur fyrir bókamessuna stendur nú sem hæst. Við fengum góða gesti í heimsókn í nóvember. Daginn eftir Dag íslenskrar tungu kom tvíeykið Hundur í óskilum á allar starfstöðvar og kynnti ævi og ritstörf Halldórs Kiljans Laxness, á hundavaði. Alda Dís, söngkona, kom í heimsókn í gamla skólann sinn, starfstöðina í Ólafsvík og söng nokkur lög fyrir nemendur.

Heimasíða og Facebook síða skólans, heimasíða starfstöðvarinnar á Lýssk. gera starfinu góð skil og hægt er að fylgjast með hinu daglega starfi á þeim.

Aðalfundur foreldrafélaganna

Í nóvember hédu bæði foreldrafélögin aðalfundi sína. Farið var yfir starfsemi félaganna og nýjar stjórnir kosnar. Þeir sem skipa nýja stjórn foreldrafélagsins norðan heiðar eru:

Jóhanna K. Bárðardóttir
Karen Olsen
Lilja Ólafardóttir
Ólöf Birna Jónsdóttir
Urszula Zyskowska

Ný stjórn foreldrafélagsins sunnan heiðar skipa:

Þórunn Hilma Svavarsdóttir
Laila Bertilsdóttir
Ragnhildur Sigurðardóttir

Stjórnirnar eiga síðan eftir að funda og skipta með sér verkum.

Það er skólastarfinu mikilvægt að gott foreldrasamstarf verði áfram við skólann. Niðurstöður rannsókna sýna að uppbyggileg samskipti foreldra og skóla hafa jákvæð áhrif á skólastarfið.

Um miðjan janúar verður sameiginlegur fundur stjórna foreldrafélaganna, skólaráðs og skólastjórnar að Búðum. Á þeim fundi verður farið yfir áherslur í skólastarfinu, skipulag næsta skólaárs og kannað með sameiginleg verkefni allra starfstöðvanna.



Góður styrkur

Grunnskóli Snæfellsbæjar, Lýsuhólsskóli hefur móttengið rausnarlegan styrk frá Múlavirkjun ehf. í Eyja- og Miklaholtshreppi en eigendur fyrirtækisins hafa haft það að markmiði að þegar framleiðsla rafmagns fer yfir ársmeðaltal komi fyrirtækið að því að styrkja góð málefni. Lýsuhólsskóli er meðal þeirra sem njóta góðs af því markmiði.

Ákveðið var að verja styrk að þessu sinni til kaupa á þrívíddarprentara en slíkt tæki styður afar vel við nám í tækni og hönnun.

Innilegar þakkir til eigenda Múlavirkjunar.

Viðbrögð við óveðri

Í starfsáætlun skólans og í síðasta fréttabréfi var kynnt viðbragðsáætlun skólans við óveðri. Eftir henni vinnum við þegar óveður skellur á og höfum alltaf öryggi nemenda að leiðarljósi. **Þegar nemendur eru mættir í skólann er farsælast að þeir séu ekki sóttir úr skólanum nema skólayfirvöld óski þess** og alls ekki þegar óveður er skollið á. Þeir eru öruggir í skólanum og vel er hugsað um þá. Ef af einhverjum ástæðum þarf að sækja nemendur úr skóla þá þarf að tilkynna það umsjónarkennara, skólastjórnanda eða ritara. Það skapar óvissu um öryggi nemenda ef forföll eða brotthvarf nemenda er ekki tilkynnt.

Fundir

Það sem af er þessu skólaári hafa verið haldnir tveir fræðslufundir fyrir foreldra, annars vegar um kvíða og þunglyndi barna og unglínga sem Inga Stefánsdóttir, skólasálfræðingur, var með og hins vegar var fundur fyrir foreldra nemenda með íslensku sem annað tungumál sem Hulda Karen Daníelsdóttir hélt. Báðir þessir fundir voru fræðandi, góðar fyrirspurnir komu fram að honum loknum og málefnalegar umræður sköpuðust. Viljum við þakka þeim fyrir sem mættu.

Þann 10. janúar mun Þorgrímur Þráinsson, rithöfundur, koma í heimsókn til okkar í GSnb. Hann mun hitta nemendur í 10. bekk með fyrirlesturinn LÁTTU DRAUMINN RÆTAST. Einnig mun hann lesa fyrir nemendur á miðstigi úr bók sinni Ég elska máva. Kvöldið áður, fimmtudaginn 9. janúar, verður Þorgrímur með fyrirlestur fyrir foreldra sem ber titilinn Verum ástfangin af lífinu, um jákvæðni, markmiðssetningu o.fl. Fyrirlesturinn verður í sal GSnb í Ólafsvík og hefst kl. 20:00.



Hnetulaus starfstöð á Hellissandi

Nemendahópurinn okkar er fjölbreyttur og hæfileikaríkur. Við erum ekki öll eins en allir hafa sína hæfileika og misjafnar þarfir. Í nemendahópnum okkar á Hellissandi eru nemendur sem eru með bráðaofnæmi fyrir hnetum. Það þýðir að nemendur og starfsfólk á Hellissandi má ekki koma með nesti sem inniheldur hnetur. Þegar foreldrar senda börn sín með nesti í skólann eða koma með mat á bekkjarskemmtanir verður maturinn að vera hnetulaus. Ástæðan er sú að bráðaofnæmi nemenda okkar getur blossað upp ef þeir komast í snertingu við hnetur.

Að lokum

Tíminn sem nú fer í hönd er tími þar sem fjölskyldur og vinir koma saman, gera sér dagamun í mat og drykk, gefa gjafir og njóta samvista. Hver með sínum hætti. Rétt er að hafa þá í huga sem minna mega sín eða eiga um sárt að binda, lítum til með þeim. Bros, heimsóknir, styrkir geta haft mikil áhrif til hins betra.

*Sendi starfsfólki, nemendum og fjölskyldum þeirra mínar
bestu jólakveðjur, með þið eiga gleðileg jól*

Hilmar Már Arason skólastjóri

